REGLUR
~~ÍÞRÓTTARÁÐS~~LÝÐHEILSU- OG ÍÞRÓTTANEFNDAR KÓPAVOGS VEGNA AÐSTÖÐU TIL ÆFINGA OG KEPPNI Í ÍÞRÓTTAMANNVIRKJUM Í EIGU KÓPAVOGSBÆJAR

1. gr.
Markmið

Aðalmarkmiðið með reglum þessum er að kostnaður vegna aðstöðu til íþróttaiðkunar barna og unglinga verði ekki að öllu leyti borinn af þeim eða fjölskyldum þeirra. Jafnframt er það markmið með úthlutun á aðstöðu að styðja við afreksíþróttir hjá íþróttafélögum í Kópavogi. Auk þess er markmið með reglum þessum að raunverulegur kostnaður vegna þeirra íþróttamannvirkja sem lýðheilsu- og íþróttanefnd~~Íþróttaráð~~ Kópavogs úthlutar ~~samkvæmt reglum þessum~~ verði sýnilegur í rekstri þeirra sem nýta mannvirkin.

2. gr.
Styrkhæfni

Úthlutun á aðstöðu nær til íþróttafélaga, sem eru fullgildir aðilar að UMSK með aðsetur í Kópavogi ~~samráðsvettvangi íþróttafélaga í Kópavogi, sem samþykktur~~ og samþykkt hafa ~~hefur~~ verið af lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogs ~~íþróttaráði~~. ~~Íþróttaráð~~ Lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogs úthlutar aðstöðu í íþróttamannvirkjum á vegum Kópavogsbæjar. Úthlutun miðast við notkun til íþróttaæfinga og keppni hjá íþróttafélögum vegna:

a) Æfinga barna og unglinga allt að 18 ára.
b) Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er barna- og unglingastarf.
c) Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum sem keppa í efstu deild viðkomandi íþróttagreina.
d) Æfingar og keppni fyrir eldri borgara og fatlaða í hóp- og einstaklingsíþróttum.
e) Önnur notkun sem fer fram samhliða og þeim sem lýst er í ~~a) til og með d)~~ hér að ofan~~liðar~~.

Eitt félag/deild í hverri íþróttagrein getur fengið úthlutað tímum til notkunar í hverju íþróttahverfi bæjarins. Íþróttahverfi eru skilgreind í samstarfssamningum Kópavogsbæjar og viðkomandi félaga.

Nýstofnað íþróttafélag eða deild getur fyrst átt kost á úthlutun á tímum~~.~~ eftir að félagið/deildin hefur verið samþykkt bæði af hálfu UMSK og lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogs~~eftir þriggja ára starf innan samráðsvettvangs íþróttafélaga í Kópavogi~~ og eftir að hafa tekið þátt með virkum hætti í starfi viðkomandi sérsambands innan ÍSÍ ~~í þrjú ár~~.

Úthlutun á tímum miðast við ákveðinn mínútufjölda, fjölda þátttakenda (einstaklinga eða liða), í ákveðinni stærð rýmis miðað við aldur og ~~er háð skilyrðum um lágmarks~~ iðkendafjölda ~~(sbr. fylgiskjal 1)~~. Gæta skal jafnræðis milli kynja og hópa. Sé um takmarkað magn æfingatíma að ræða, mjög stóra hópa eða aðrar sérþarfir sem falla ekki undir almenn ákvæði þessara reglna hefur lýðheilsu- og íþróttanefnd~~íþróttaráð~~ heimild til að nota aðrar viðmiðanir við úthlutun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Úthlutun tíma til æfinga og keppni á vegum sérsambanda í íþróttamannvirkjum í Kópavogi fara fram með eftirfarandi hætti:

1. Íþróttafélög geta gefið eftir sína æfingatíma fyrir landslið.
2. ~~Íþróttaráð~~Lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogs úthlutar til sérsambanda lausum tímum í mannvirkjum eftir því sem aðstæður leyfa.

3. gr.
Úthlutunartímabil

Úthlutunartímabil eru tvö~~þrjú~~:

~~1. haustönn (frá 1. september og út desember),~~
~~2. vorönn (frá 1. janúar og út maí) og~~
~~3. sumarönn (frá 1. júní og út ágúst).~~
1. Vetrarönn frá 1. september – 31. maí
2. Sumarönn frá 1. júní – 31. ágúst

Umfang úthlutunar miðast við fjárhagsramma hverju sinni og eru gefnar út í síðasta lagi í júní ár hvert.~~:~~

~~1. 1. Júní vegna haustannar,~~
~~2. 1. Október vegna vorannar og~~
~~3. 1. Mars vegna sumarannar.~~

Minni íÍþróttahús skóla í Kópavogi eru eingöngu opin yfir ~~haust og~~ ~~vo~~vetra~~r~~rönn nema í undantekningartilfellum. Sækja verður sérstaklega til ~~íþróttaráðs~~ íþróttadeildar Kópavogs um æfingar í íþróttamannvirkjum bæjarins á sumarönn. Í þeim tilfellum ~~verðageta~~ æfingar félaganna verið færðar saman í hús, þyki ástæða til þess.

Heimilt er að loka íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar ~~kringum~~yfir stórhátíði~~a~~r og ~~yfir~~ sumartímann.

4. gr.
Umsókn um aðgang að aðstöðu.

Íþróttafélög sem hafa fengið íþróttahús til umráða samkvæmt~~skv.~~ rekstrarsamningum þurfa ekki að senda inn beiðni um úthlutun fyrir þau hús meðan samningarnir eru í gildi. Allt annað í reglunum á hins vegar við um þau.
Umsóknir íþróttafélaga um aðgang að aðstöðu til æfinga skulu berast lýðheilsu- og íþróttanefnd ~~íþróttaráði~~ fyrir 1. apríl vegna vetrar- og sumarannar.

~~1.~~ ~~1. apríl vegna haustannar,~~
~~2. 1. ágúst vegna vorannar og~~
~~3. 1. janúar vegna sumarannar.~~

Í umsókn ~~komi fram~~þarf eftirfarandi að koma fram:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1. Áætlaður fjöldi flokka/hópa sem æfir. Sé æfingahópur skilgreindur á annan hátt en í reglugerð viðkomandi íþróttagreinar þurfa að fylgja nánari skýringar á samsetningu hópsins (aldur, getustig). Félagið skal einnig skila inn drögum að æfingatöflu yfir æfingar félagsins með sundurliðun fyrir deildir og aldursflokka/hópa.
2. Áætlaður fjöldi iðkenda í hverjum flokk/hóp.
3. Áætlaður fjöldi liða/einstaklinga sem taka þátt í mótum á vegum sérsambands viðkomandi íþróttagreinar.

Lýðheilsu- og íþróttanefndÍþróttaráð úthlutar æfingatímum til félags í samræmi við tiltekinn mínútufjölda og rými á viku fyrir hvern aldursflokk/hóp ~~(sjá fylgiskjal 1)~~. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi kemur til greina að fjölga tímum fyrir ákveðna flokka/hópa t.d. vegna mikils fjölda iðkenda.

Tveimur mánuðum fyrir hvert tímabil skal liggja fyrir yfirlit um staðfesta tíma að hálfu lýðheilsu- og íþróttanefndaríþróttaráðs, hafi umsókn borist á réttum tíma.

~~Umsóknir sérsambanda vegna æfinga og keppni skulu berast íþróttaráði með góðum fyrirvara. Eftirfarandi vinnureglur skulu viðhafðar þegar óskað er eftir tímum til úthlutunar vegna sérsambanda:~~

1. ~~Sérsamband kannar hvort lausir tímar séu fyrir hendi í mannvirki með því að hafa milliliðalaust samband við viðkomandi íþróttafélag sem nýtir það mannvirki sem um ræðir. Komist á samkomulag um nýtingu tíma hefur íþróttaráð ekki frekari afskipti af beiðni sérsambandsins.~~
2. ~~Ljúki málinu ekki skv. 1. tl. getur sérsamband sótt um tímana til íþróttaráðs.~~
3. ~~Eftir samráð við íþróttafélög sem hefur viðkomandi hús / tíma til umráð úthlutar íþróttaráð tímum til viðkomandi sérsambands.~~

~~Nýting sérsambanda skal meðhöndla með sama hætti og tilgreint er í 1. mgr. 7. gr.~~

5. gr.
Nýting tíma.

Að öllu jöfnu skal reynt að ná betri nýtingu á aðstöðu með því að skipta rými niður í minni hluta þar sem það er hægt. Félag ákveður slíka skiptingu ~~(sbr. fylgiskjal 2)~~ í samráði við lýðheilsu- og íþróttanefndíþróttaráð. Sameina skal æfingar fámennra flokka/hópa.

Á virkum dögum skulu æfingar almennt ekki hefjast eftir kl. 22.00, sérstaklega á þetta við um íþróttamannvirki skóla.

Íþróttafélagi ber að gæta þess að æfingatímar falli ekki niður og að fjöldi iðkenda hverju sinni sé í samræmi við lágmarkskröfur ~~(sbr. fylgiskjal 1)~~. Lýðheilsu- og íþróttanefnd Íþróttaráð Kópavogs ~~á~~skilur sér rétt til að meta hvað er góð nýting miðað við aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig. Tímar sem ítrekað eru illa nýttir verður ráðstafað annað ef ekki eru á því haldbærar skýringar.

Ef félag missir æfingatíma sína vegna sérstakra ytri aðstæðna svo sem ~~s.s.~~ stórviðburða, framkvæmda eða viðhaldiskemmda á mannvirki, getur lýðheilsu- og íþróttanefndíþróttaráð Kópavogs, í samráði við önnur félög, úthlutað tímum þeirra til þess félags sem missir aðstöðu tímabundið, eftir bestu getu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

6.
Skráning, ~~og~~ eftirlit og öryggi.

Fyrir hvert mannvirki skal fylla út mætingaskýrslur. Í mætingaskýrslu eru skráðar upplýsingar um iðkendafjölda, flokk/hóp (aldur), kyn og tegund á notkun. Mikilvægt er að upplýsingar séu rétt færðar. ~~–~~Starfsmenn mannvirkja skulu fylla út skýrslu og taka niður fjölda iðkenda. Sé um að ræða breytingar á æfingatöflu, til dæmis~~t.d.~~ vegna keppni, skal koma fram skýring í mætingaskýrslu. Ennfremur skal í mætingaskýrslu skrá skýringar á ónýttum æfingatíma.

Íþróttadeild Kópavogsbæjar, ásamt forstöðumönnum og vaktstjórum íþróttahúsa fylgjast reglulega með nýtingu þeirra íþróttahúsa sem eru í rekstri Kópavogsbæjar og gera viðeigandi ráðstafanir ef tímar eru ekki nýttir. Úttekt á tímanotkun húsanna er gerð yfir 3 vikna tímabil á vorönn. Íþróttadeild getur jafnframt kallað eftir mætingaskýrslum úr þeim íþróttamannvirkjum sem eru í rekstri íþróttafélaganna eftir því sem þurfa þykir. ~~Afrit af mætingaskýrslum skulu berast íþróttaráði Kópavogs ársfjórðungslega og þá í síðasta lagi 5. virka dag næsta mánaðar eftir lok hvers ársfjórðungs, eða eins og hér segir;~~

1. ~~fyrir 1 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. maí~~,
2. ~~fyrir 2 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5~~. ~~ágúst~~,
3. ~~fyrir 3 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. nóvember og~~
4. ~~fyrir 4 ársfjórðung í síðasta lagi þann 5. febrúar.~~

Mætingaskýrslurnar eru forsendur úthlutunar á tímum í mannvirkjum Kópavogs. ~~Einnig ber~~ Ffélagi ber að skila inn til íþróttadeildar ~~íþróttaráðs~~ breytingum á æfingatöflum um leið og þær eiga sér stað og upplýsa einnig um þá tíma sem félagið getur ekki nýtt .

Ófullnægjandi skil á mætingaskýrslum eða rangar upplýsingar um nýtingu æfingaaðstöðu eða ráðstöfun æfingatíma á annan hátt en kveðið er á um í þessum reglum getur leitt til skerðingar eða niðurfellingar á úthlutuðum tímum.

Óheimilt er að framselja eða framleigja úthlutuðum æfingatíma/um án samþykkis lýðheilsu- og íþróttanefndar ~~íþróttaráðs~~.

Félögin verða að tilkynna íþróttadeild og~~/eða~~ forstöðumanni/vaktstjóra íþróttamannvirkja tímanlega um niðurfellingu á æfingum vegna móta, ~~og~~ leikja, eða ef aðrar ástæður eru fyrir niðurfellingu á æfingu. Ssérstaklega á þetta við í þeim íþróttamannvirkjum sem eru í rekstri Kópavogsbæjar ~~við skóla~~.

Fulltrúum lýðheilsu- og íþróttanefndar ~~íþróttaráðs~~ er heimilt að fylgjast með að notkun tíma sé í samræmi við æfingatöflu og skal þeim veittur ótakmarkaður aðgangur að mannvirkjum og upplýsingum um notkun þeirra.

Samkvæmt 8. grein viðauka og skýringa með reglum menntamálaráðuneytisins frá 2002 um öryggismál í íþróttahúsum mega æfingar hjá börnum og unglingum eingöngu fara fram undir stjórn ábyrgs aðila. Til að teljast ábyrgðaraðili þarf þjálfari að vera orðinn 18 ára gamall. Engar æfingar geta því hafist nema ábyrgur aðili stýri æfingunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Þjálfara ber að hefja og ljúka æfingu innan þess tíma sem honum er úthlutað, frágangur áhalda á einnig að vera innan tímans. Þjálfari skal tryggja að iðkendur hafi yfirgefið íþróttasalinn/æfingasalinn þegar æfingu er lokið og áður en þjálfari yfirgefur svæðið.

7. gr.
Gjaldskrá og greiðslur.

Lýðheilsu- og íþróttanefndÍþróttaráð Kópavogs ákveður gjaldskrá vegna þeirra íþróttamannvirkja sem ráðstafað er í samræmi við þessar reglur. Fyrir þau íþróttafélög sem uppfylla skilyrði sem fram koma í 2. gr. skal vera um reiknaða leigu að ræða. Á móti reiknaðri leigu kemur samhliða styrkur frá lýðheilsu- og íþróttanefndíþróttaráði að sömu fjárhæð sem viðkomandi íþróttafélag skal færa sem styrk á móti reiknaðri leigu í sínum ársreikningum.

Lýðheilsu- og íþróttanefndÍþróttaráð Kópavogs innheimtir leigu samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun sem er utan við úthlutanir samkvæmt reglum þessum, svokallaðir útleigutímar.

8. gr.
Almenn ákvæði.

Um undantekningar eða frávik frá þessum reglum þarf að sækja sérstaklega til lýðheilsu- og íþróttanefndaríþróttaráðs.

Íþróttadeild á menntasviði Kópavogsbæjar annast framkvæmd þessara reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til lýðheilsu- og íþróttanefndaríþróttaráðs Kópavogs.

Íþróttaráði Kópavogs er heimilt að uppfæra fylgiskjal 1 árlega ef þörf þykir.

Íþróttaráði Kópavogs er heimilt að uppfæra fylgiskjal 2 árlega með tilliti til breytinga í íþróttamannvirkjum í Kópavogi sbr. gr. 2.

Samþykkt af lýðheilsu- og íþróttanefndíþróttaráði Kópavogs , 26.02.2026. 19.03.2015.

Samþykkt í bæjarráði Kópavogs, 26.03.2015

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026